

Efni: um tillögu til ályktunar um fornleifarannsóknir á Árnesþingstað, 84. mál.

Alþingi hefur óskað eftir umsögn um fornleifarannsóknir á Árnesþingstað. Hér með eru lagðar fram eftirfarandi athugasemdir:

- Inntak.** Þingsályktunartillagan er fagnaðarefni. Umfangsmikil rannsókn á einum þingstað myndi auka við nýrri vitneskju um alla forna þingstaði og þinghald, og m.a. varpa ljósi á sjálfan alþingisstaðinn, þ.e. Þingvöll við Öxará.
- Alþjóðlegt sambengi.** Íslenskar þingminjar eru óvenjulegar og gagnmerkar heimildir um merkan þátt í forsögu samfélaga. Þær hafa sama fræðilega gildi og t.a.m. *agora* þingstaðirnir í grísku borgríkjunum eða *forum* þingin í Rómarríki. Það eykur sérstöðu íslenskra þingminja að í norðanverðri Evrópu eru heimildir um samsvarandi staði fátækar og hvað ofanverða járnöld varðar, víkingaöldina, eru íslensku þingstaðirnir þeir einu sem eru flestir þekktir með nokkurri vissu og þar er enn að finna áþreifanlegar minjar.
- Íslensku þingin.** Á Íslandi eru þingstaðir frá fornöld á u.þ.b. 15 stöðum. Flestir staðirnir hafa verið friðlýstir, en engu að síður hafa minjar þar skemmt af manna völdum og náttúru. A.m.k. 2 staðir hafa gjöreyðilagst og 2 aðrir ekki fundist til þessa. Takmarkaðar prufurannsóknir hafa verið gerðar á Þingvöllum, Hegranesþingstað og í Þingey. Umfangsmikil heildarrannsókn hefur hvergi verið gerð.
- Frumkvæði Alþingis.** Deila má um hvort frumkvæði að rannsóknarefni vísindamanna eigi að koma frá stjórnámálamönnum. Það er engu að síður viðeigandi að Alþingi hlutist til um að auka skilning á hlutverki sínu og auka við nýrri vitneskju um eldra þinghald. Hvatning Alþingis gæti stuðlað að því að þetta tiltekna rannsóknarsvið, sem hefur lítið verið sinnt s.l. 100 ár, verði eft.
- Endurbygging.** Undirritaður hefur nokkrar efasemdir um byggingu tilgátumannvirkja, en í þessu tilfelli horfir öðruvísi við: einu mannvirkin sem vitað er að voru á þingstöðum eru þingbúðir, þ.e. lágur, ferhyrndar tóftir, sem tjöld voru reist yfir á meðan á þinghaldi stóð. Endurbyggðar búðatóftir eru langtum einfaldari framkvæmd en t.a.m. endurbygging á víkingaaldarskálum eða skipum. Helsti kostur þeirra er jafnframt að viðhaldskostnaður er nær enginn, og öllum ætti að vera frjálst að reisa „tilgátutjöld“ hvert með sínu lagi á sumrin.
- Árnesþing og ferðamenn.** Í greinargerð með ályktuninni er gert ráð fyrir gildi staðarins fyrir ferðamennsku. Minjastaðir eru misjafnlega vel til þess fallnir að laða að sér ferðafólk. Forsendurnar eru einkum menningarsögulegt gildi staðarins, staðsetning, umhverfi og kynningarmál. Enginn vafi er á gildi þessa staðar: þótt minjarnar hafi eyðst að hluta vegna uppblásturs og vatnsaga, þá er Árnesþing engu að síður verðugur fulltrúi fyrir héraðsþing sem haldin voru víða

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

S J Á L F S E I G N A R S T O F N U N

um norðanverða Evrópu á ofanverðri járnöld. Þegar tvinnað er saman vísindum, fræðilegum áhuga leikmanna í héraði og áformum um hagnýtingu menningarminja, er mikilvægt að vel sé staðið að málum, þ.e. ekki slegið af fræðilegum kröfum við framkvæmd og kynningu, þótt staðurinn og sagan verði umbreytt í afurð til sölu og gerð heillandi.

7. **Íslenskar fornleifar og þróun ferðaþjónustu.** Fornleifar eru vannýtt auðlind á Íslandi. Hér á landi eru 130.000 minjastaðir en færri en 10 eru aðgengilegir og nýttir í ferðaþjónustu. Á Íslandi eru þær sérstöku aðstæður að ferðamenn fara að skoða náttúruna, og flestum þeirra er beint á fá, afmörkuð svæði. Íslensk náttúra er viðkvæm og gestum fer fjölgandi. Skynsamlegasta viðbragðið við þessum yfirvofandi vanda er að fjölga áningarstöðum ferðafólks og dreifa þeim sem víðast, t.a.m. í byggðum sem hafa lítið aðdráttarafl hvað náttúruvætti varðar. Fornleifarannsóknir á Íslandi eru fáar, smáar í sniðum og atvinnuleysi stétt fornleifafræðingar er einnig vandamál. Þetta ástand gengur þversum á þá staðreynd að almenningur hefur mikinn áhuga á fornleifum. Uppgreftir draga að sér athygli fjölmiðla og ferðamanna. Á síðustu árum hafa margir stórir erlendir framleiðendur heimildapátta gert þætti um íslenskar fornleifar, t.a.m. NPR, Discovery Channel og BBC. Áhorfendur skipta hundruðum milljóna um allan heim. Fróðlegt væri að mæla áhrifin sem af því hlýst.

Með kærri kveðju,



Adolf Friðriksson
forstöðumaður